



Listahátíð í Reykjavík

Reykjavík Arts Festival



Dagsetningin 2011!

**Listahátíð verður
haldin dagana
20. maí til 5. júní**



Eyrarrósarfrestur er til 15. nóvember

Eyrarrósin, viðurkenning sem veitt er árlega einu afburða menningarverkefni á starfssvæði Bygðastofnunar á landsbyggðinni, verður afhent í byrjun árs 2011 á Bessastöðum. Þetta er í sjöunda sinn sem Listahátíð í Reykjavík, Bygðastofnun og Flugfélag Íslands standa að þessari viðurkenningu. Verndari Eyrarrósarinnar er Dorrit Moussaieff forsetafrú.

Bræðslan á Borgarfirði eystri hlaut Eyrarrósina 2010 og er myndin hér að ofan frá verðlaunaafhendingunni á Bessastöðum.

Sjá má auglýsinguna [hér](#) og allar upplýsingar um hvað skuli fylgja umsóknum.

Umsóknarfrestur er til 15.



Háskólatónleikar á Listahátíð í vor

Háskóli Íslands og Listahátíð í Reykjavík hafa gert með sér samstarfssamning um háskólatónleika á aldarafmæli Háskóla Íslands árið 2011. Tónleikaröðin samanstendur af hádegistónleikum sem haldnir verða í fjölmörgum byggingum Háskólans, spanna allt afmælisárið og tvinnast inn í dagskrá Listahátíðar. Áhersla verður lögð á fjölbreytt efnisval, frumflutning íslensks efnis og leitast verður við að kynna unga flytjendur.

Auglýst hefur verið eftir þátttakendum og hér má sjá [auglýsinguna](#) og nálgast upplýsingar og [umsóknareyðublöð](#).

**Umsóknarfrestur er til 20.
nóvember 2010.**



Ánægjulegt samstarf

Listahátíð í Reykjavík hefur átt farsælt samstarf við fjölda fyrirtækja á síðustu árum sem lagt hafa hátíðinni lið með ýmsum hætti.

Meðal aðalsamstarfsaðila Listahátíðar er Iceland Express og fyrir skömmu var undirritaður nýr samstarfssamningur við fyrirtækið til tveggja ára.

Einnig hefur samningur við Center hotels verið endurnýjaður, en Listahátíð og Center hotels hófu samstarf í vor.

Önnur samstarfsfyrirtæki Listahátíðar eru Íslandspóstur, Samskip og fleiri.

nóvember 2010.



Listahátíð / Reykjavík / Reykjavík Arts Festival
Lækjargata 3 | Pósthólf 88 | 101 Reykjavík
Sími (+354) 561 2444 | Fax (+354) 562 2350
www.listahatid.is | artfest@artfest.is

Samstarfsaðilar Listahátíðar í Reykjavík

Iceland Express



Sérðu ekki viðhengi þessa pósts, smelltu hér

> [Afskrá mig af þessum póstlista](#)